

BORGARRÁÐ

Ár 2022, fimmtudaginn 1. desember, var haldinn 5687. fundur borgarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 09:05. Viðstödd voru, auk borgarstjóra, Einar Þorsteinsson, Alexandra Briem, Hildur Björnsdóttir, Marta Guðjónsdóttir, Pawel Bartoszek og Trausti Breiðfjörð Magnússon. Einnig sat fundinn áheyrnarfulltrúinn Líf Magneudóttir. Áheyrnarfulltrúinn Kolbrún Baldursdóttir tók sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. másl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ebba Schram, Þorsteinn Gunnarsson og Hulda Hólmkelsdóttir.

Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 30. nóvember 2022, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 30. nóvember 2022, á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Háskólans í Reykjavík vegna lóðarinnar nr. 83-89 við Nauthólsveg, ásamt fylgiskjölum.

- Kl. 9:09 tekur Heiða Björg Hilmisdóttir sæti á fundinum.
Samþykkt.

Björn Axelsson og Glóey Helgudóttir Finnsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS22110230

2. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 28. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki aðilaskipti að hluta vegna samkomulags um uppbygginu á Bildshöfða 7 og Breiðhöfða 3, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins. MSS22020152

3. Lögð fram tillaga borgarstjóra, dags. 29. nóvember 2022, varðandi farþegaferju á Esju, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Óli Örn Eiríksson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS22100077

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokks, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Um er að ræða hugmynd um farþegaferju í Esjuhlíðum til að bæta aðgengi og upplifun að fjallinu. Slíkar ferjur eru vinsælir áfangastaðir ferðafólks víða um heim. Hér er borgarráð að samþykkja að kanna forsendur verkefnisins, að umhverfis- og skipulagssvið skoði skipulagsþáttinn og eignaskrifstofan kanni afstöðu ríkisins sem

landeiganda. Verði niðurstaða þeirra athugana að halda áfram með verkefnið verður auglýst eftir áhugasömum aðilum sem myndu þá ráðast í gerð umhverfismats, hönnunar, fjármögnunar og reksturs. Endanleg ákvörðun um það ræðst hins vegar af niðurstöðum skipulagsvinnu og þess umsagnar- og samráðsferlis sem fram færi samhliða.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Komi farþegaferja til framkvæmda er mikilvægt að vandað verði til verka við alla hönnun, þess sé gætt að ferjan falli vel að umhverfi og náttúru og þess gætt að neikvæð umhverfisáhrif og rask verði sem minnst.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er mikilvægt að fleiri aðilar en umhverfis- og skipulagsráð fái að koma með umsögn um þetta mál. Þar má nefna íbúaráð og íbúa almennt. Íbúar á Kjalarnesi hafa áður lýst yfir andstöðu sinni við þessar fyrirætlanir.

Áheyrnarfulltrúi Vinstri grænna leggur fram svohljóðandi bókun:

Hér er um stórt álitamál að ræða. Taka verður afstöðu til margra flókinna spurninga m.a. um aðgengi allra að náttúrunni, um verðmæti og gildi Esjunnar og hvort rétt sé að framkvæmdin, ef skynsamleg þykir, sé unnin af einkaaðilum. Framkvæmd sem þessi hlyti að hafa marghátuð áhrif á umferð og nýtingu svæðisins og yrði að leggja mat á heildaráhrifin, s.s. afleiðingar aukinnar umferðar, áskoranir varðandi öryggismál o.fl. Einnig liggur ekki fyrir hvort aðrir staðir í nágrenni Reykjavíkur kunni að vera heppilegri en Esjan fyrir kláf. Þá ber að athuga að framkvæmdin á eftir að hafa varanleg sjónræn áhrif á ásýnd Esjunnar.

4. Lagður fram árshlutareikningur Reykjavíkurborgar fyrir janúar-september 2022 ásamt greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta og greinargerð B-hluta fyrirtækja. Einnig er lögð fram skýrsla fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 1. desember 2022, og umsögn endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar, dags. 29. nóvember 2022.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins. FAS22110038

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fjárhagsstaða Reykjavíkurborgar er kolsvört. Um það verður ekki deilt. Borgin hefur safnað skuldum undanfarið eins og enginn sé morgundagurinn. Veltufé frá rekstri er nú einungis um fjórðungur þess sem það þyrfti að vera til að reksturinn væri í þokkalegu jafnvægi. Skammtímaskuldir eru í fyrsta sinn um nokkurra ára skeið hærrí en handbært lausafé, sem er ávísun á aukningu dráttarvaxta. Á tímabilinu 2021-2023 virðist sem aukning langtímaskulda sé að jafnaði um einn ma.kr. á mánuði. Þungi afborgana af langtímaskuldum mun vaxa verulega á árunum 2021-2023. Talið er að fjármálin færist hratt til betri vegar eftir tvö ár eða svo. Á hvaða forsendum byggja t.d. áætlanir um fimmföldun veltufjár frá rekstri við lok tímabilsins hjá A-hluta? Athygli vekur að á sama tíma mun lausafjárstaða A-hluta versna og afborganir langtímaskulda meira en tvöfaldast. Langtímaskuldir vaxa ár frá ári. Mikilvægt er að fyrir liggi hverjar eru forsendur fyrirhugaðrar

endurreisnar á fjármálum A-hluta borgarsjóðs. Framundan eru stór og fjárfrek fjárfestingarverkefni. Þess er vænst að verkefni sem eru nauðsynleg til að viðhalda þjónustu verði sett í forgang en að önnur fái að bíða.

5. Lagt fram minnisblað fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 28. nóvember 2022, varðandi endurskoðun á forsendum fjárhagsáætlunar 2023.

Halldóra Káradóttir, Erik Tryggvi Striz Bjarnason og Sigurrós Ásta Sigurðardóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22010020

6. Lagðar fram breytingartillögur Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins, Pírata og Viðreisnar, dags. 28. nóvember 2022, við frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2023 vegna aðgerðaáætlunar um umbætur og hagræðingu. Jafnframt lagðar fram aðrar breytingartillögur Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins, Pírata og Viðreisnar, dags. 28. nóvember 2022, við fjárhagsáætlun 2023.

Vísað til borgarstjórnar.

Halldóra Káradóttir, Erik Tryggvi Striz Bjarnason og Sigurrós Ásta Sigurðardóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22010020

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokks, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Hagræðingar- og umbótaáætlunir eru 92 talsins og endurspeglar trausta fjármálastjórn borgarinnar. Í kjölfar kórónuveirufaraldursins eru sveitarfélög um land allt í svipaðri stöðu. Viðbrögðin eru eðlileg og í samræmi við tilefni þar sem við stöndum vörð um framlínubjónustu og viðkvæma hópa. Borgin hefur alltaf lagt sig fram um að vera kvik og bregðast við ytri aðstæðum en á næstu árum mun borgin vaxa út úr þessum vanda sem sveitarfélögin eru að glíma við en um leið er mikilvægt að ríkið leiðrétti framlög í stórum málaflokkum þar sem lagaskyldur eru langt umfram þau framlög sem sveitarfélögunum eru tryggð.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Lagðar eru fram fjölmargar breytingartillögur meirihlutans en ekki fylgja rök með af hverju þessar tillögur eru valdar frekar en aðrar. Meirihlutinn leggur til að fjárheimildir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu verði lækkaðar um 500 þ.kr. með fækkun á tveimur fulltrúum í öldungaráði. Gert er ráð fyrir að fulltrúar fari úr 9 niður í 7 fulltrúa. Hér finnst Flokki fólksins höggvið í viðkvæma liði. Væri ekki nær að draga mun meira úr fjárheimildum til þjónustu- og nýsköpunarsviðs sem sett hefur fjármagn í ýmis óskilgreind verkefni og erlenda ráðgjöf sem hvergi sést hvar hefur skilað sér? Með því að gera grundvallarbreytingar á skipuriti þjónustu- og nýsköpunarsviðs væri hægt að spara tugi milljóna króna. Sparnaður fælist í því að fækka skrifstofum og millistjórnendum sviðsins með því að sameina skrifstofur sem hafa með samþætta starfsemi að gera. Alla upplýsingamiðlun Reykjavíkurborgar mætti einfalda og efla t.d. með sameiningu skrifstofa sem hafa með ýmis konar upplýsingamiðlun til íbúa að gera undir einni skrifstofu upplýsingaþjónustu. Meirihlutinn leggur einnig til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs lækki um 20.000 þ.kr. vegna lækkunar á viðhaldi gatnalýsingar vegna LED-væðingar. Fulltrúi

Flokks fólksins telur að borgin megi varla við þessu þar sem hún er nú þegar dimm sem hefur áhrif á öryggi íbúa.

7. Lagðar fram tillögur borgarstjóra, dags. 1. desember 2022, að viðaukum við fjárhagsáætlun 2022. Greinargerðir fylgja tillögunum.
Vísað til borgarstjórnar.

Halldóra Káradóttir, Erik Tryggvi Striz Bjarnason og Sigurrós Ásta Sigurðardóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22010035

8. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 29. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela fjármála- og áhættustýringarsviði að semja við Íslandsbanka um lok innheimtu krafna útgefnum á árinu 2022 og fyrr með vísan í hjálagt minnisblað sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 29. nóvember 2022. Lagt er til að samið verði um að einingaverð sé í samræmi við grunnverð á þjónustunni 1. janúar 2023 og að breyting á einingaverði geti átt sér stað í samræmi við 1.2.4 gr. í nágildandi samningi við bankann sem rennur út 31. desember nk.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

Halldóra Káradóttir, Erik Tryggvi Striz Bjarnason og Sigurrós Ásta Sigurðardóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22050043

9. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 24. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki afsal á jarðhitaréttindum að Dalsgarði grst. til Orkuveitu Reykjavíkur, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt.

Halldóra Káradóttir og Óli Jón Hertervig taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22110053

10. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 16. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir samþykki borgarráðs fyrir því að auglýsa eftir samstarfsaðila til að reka og halda utan um rekstur í miðstöð fyrir skapandi greinar í skrifstofuhúsnæði að Gufunesvegi 17, ásamt fylgiskjölum.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Halldóra Káradóttir og Óli Jón Hertervig taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22110043

11. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 28. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að heimila eignaskrifstofu að hefja sölufæri á Hraunbergi 15.
Samþykkt.

Halldóra Káradóttir og Óli Jón Hertervig taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22030039

12. Lagt fram bréf menningar- og ferðamálasviðs, dags. 28. nóvember 2022, sbr. samþykkt menningar-, íþrótt- og tómstundasviðs frá 28. nóvember 2022 á tillögu að tilraunaverkefni um samrekið almennings- og skólabókasafn á Kjalarnesi, ásamt fylgiskjölum.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

Huld Ingimarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MOF22110011

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins samþykkja tillöguna á þeirri forsendu að samreknu almennings- og skólabókasafni verði komið á laggirnar sem fyrst.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalista telur að tilraunaverkefni með bókasafn til skamms tíma á Kjalarnesi sýni metnaðarleysi. Það á einfaldlega að opna sómasamlegt almenningsbókasafn þar til frambúðar. Niðurlagning bókabílsins er hnignunarskref í málum læsis og menningar í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að bókakosti bókabílsins verði varið í þetta tilraunaverkefni. Fulltrúar meirihlutans virðast ekki átta sig á því að rekstur bílsins margborgar sig til langtíma litið og veitir þeim sem nýta þjónustu bílsins mikla ánægju. Þjónustan sendir íbúum þau skilaboð að borginni sé annt um íbúa sína og vilji þeim vel. Með því að leggja hann niður í nafni „hagræðingar“ erum við líka að tapa miklum fjármunum til lengri tíma litið. Það vantar alla langtímahugsun og aðra sýn á hvað felst í „hagræðingu“ hjá kjörnum fulltrúum í meirihlutanum. Þar er einungis horft á tölur á blaði til eins árs, en ekki að fjárfesting í íbúum skili sér margfalt til baka sé horft til langtíma.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn leggur til að sett verði af stað tilraunaverkefni um samrekið almennings- og skólabókasafn á Kjalarnesi. Hluti af hagræðingu Borgarbókasafns fyrir árið 2023 fól í sér niðurlagningu á rekstri bókabílsins Höfðingja. Bíllinn sinni m.a. Kjalarnesi sem er er eitt af úthverfum borgarinnar þar sem ekki er starfrækt almenningsbókasafn á vegum Reykjavíkurborgar. Með niðurlagningu bókabílsins þurfa íbúar Kjalarness að sækja alla bókasafnsþjónustu til Mosfellsbæjar eða í önnur hverfi Reykjavíkurborgar. Það voru margir afar ósáttir við niðurlagningu bókabílsins og vill fulltrúi Flokks fólksins fá upplýsingar um hvort sú tillaga sem hér er lögð fram hefur verið lögð undir íbúa Kjalarness og sé gerð í sátt við íbúa þar.

13. Lagt fram erindi Kjartans Magnússonar, dags. 1. desember 2022, þar sem hann óskar eftir lausn úr tilnefningarnefnd borgarráðs vegna tilnefninga í stjórnir fyrirtækja Reykjavíkurborgar.

Samþykkt.

Jafnframt er samþykkt að skipa Mörtu Guðjónsdóttur í nefndina í hans stað.
MSS22060144

14. Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 28. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að gera viðauka við samninga Reykjavíkurborgar við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík sem gilda til 31. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Helgi Grímsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
SFS22060176

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins gagnrýna harðlega að framlengdir séu eldri samningar án þess að rekstrarframlög séu aukin með þeim hætti að gjaldskrár til foreldra verði til samræmis við borgarrekna leikskóla. Mikilvægt er að samningarnir verði teknir upp snemma á nýju ári og taki mið af kröfum Samtaka sjálfstæðra skóla um aukin framlög, minni miðstýringu og faglegt frelsi.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins vill sjá tillögur sem lúta að því að Reykjavíkurborg setji kvaðir um arðgreiðslur eða hvernig rekstrarafgangur sem rekja má til opinberra framlaga skuli nýttur ræddar í þaula og samþykktar áður en framlengja á samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla, hvort sem framlengingu er til skemmri eða lengri tíma. Þessar tillögur ásamt fleirum voru reifaðar í skýrslu starfshóps um mótun stefnu og tillagna um aðkomu Reykjavíkurborgar að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum. Það var vissulega hið versta mál að Samtökum sjálfstæðra skóla var ekki boðin aðkoma að gerð hennar þrátt fyrir að beinlínis hafi verið gert ráð fyrir því og samtökin leitað eftir því. Athugasemdir í skýrslu innri endurskoðunar vegna arðgreiðslna vöktu tortryggni. Eðlilegt er því að ljúka umræðu tillagnanna og ákveða hverjar verða samþykktar áður en samningar eru framlengdir. Allir leikskólar borgarinnar hvernig svo sem þeir eru reknir eru að vinna frábært starf og þörf er á þeim öllum og gott betur. En það er mikilvægt að enginn þurfi nokkurn tímann að halda að verið sé að reka leikskóla til að græða.

15. Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 25. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að gera viðauka við samninga Reykjavíkurborgar, við sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík, sem gilda til 31. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Helgi Grímsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
SFS22060177

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins gagnrýna harðlega að framlengdir séu eldri samningar án þess að rekstrarframlög séu aukin með þeim hætti að ekki þurfi að innheimta skólagjöld. Mikilvægt er að samningarnir verði teknir upp snemma á nýju ári og taki mið af kröfum Samtaka sjálfstæðra skóla um aukin framlög, minni miðstýringu og faglegt frelsi.

16. Lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 24. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir heimild til að hefja verkefnið samræmd nemendaskráning, ásamt fylgiskjölum. Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Karen María Jónsdóttir, Jón Hafsteinn Jóhannsson, Aðalbjörg Díska Guðjónsdóttir og Arna Ýr Sævarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. ÞON22090065

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúa Flokks fólksins finnst einkennilegt að þjónustu- og nýsköpunarsvið hafi ekki kannað hvort til væru tilbúin innskráningarkerfi fyrir nemendur í grunnskóla áður en farið var af stað að uppgötva, hanna og þróa fyrsta hluta þess kerfis sem talað er um. Innskráningar nemenda í grunnskóla er eitthvað sem nánast öll sveitarfélög hérlendis þurfa að framkvæma, sem og borgir og sveitarfélög í öðrum löndum. Þessir ferlar hljóta því að hafa verið ansi vel þróaðir og tilbúnar lausnir víða að finna. Þess vegna telur fulltrúi Flokks fólksins að þjónustu- og nýsköpunarsvið hefði átt, í þessum málum eins og öðrum, að leita víðtækara samstarfs við önnur sveitarfélög og ríkið varðandi þetta. Einfaldleiki og samræming innskráninga nemenda í grunnskóla óháð búsetu ætti að vera markmið sem bæði skólastjórnendur og foreldrar græða á.

17. Lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 21. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja innkaupa- og þróunarferli í tengslum við næsta skref í uppbyggingu gagnalandslags Reykjavíkurborgar, ásamt fylgiskjölum.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Karen María Jónsdóttir, Aðalbjörg Díska Guðjónsdóttir, Magnús Bergur Magnússon, Jón Hafsteinn Jóhannsson og Páll Hilmarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. ÞON22100022

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Enn og aftur vill fulltrúi Flokks fólksins benda á það að þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar ætti umfram allt að leita víðtækara samstarfs við önnur sveitarfélög í gegnum Samband íslenskra sveitarfélaga sem og Stafrænt Ísland, um stefnu og áætlanir vegna gagna og gagnavinnslu, í stað þess að vera alltaf að

gera hlutina upp á eigin spýtur án samstarfs við aðra opinbera aðila. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur nú þegar tekið þá stefnu að hefja aukið samstarf við Stafrænt Ísland varðandi þekkingaruppbyggingu, þróun og innleiðingu stafrænna lausna ásamt innkaupum á lausnum. Þar hefur Reykjavíkurborg átt að vera stærri þátttakandi en raun ber vitni vegna þeirra samlegðaráhrifa sem af því hefðu hlotist.

18. Lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 21. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja undirbúning á innkaupum og innleiðingu á kerfi fyrir stjórnun tilkynninga, ásamt fylgiskjölum. Samþykkt. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Karen María Jónsdóttir og Kjartan Kjartansson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. PON22110042

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í umsókn stoð- og tækjapjónustudeildar þjónustu- og nýsköpunarsviðs eru talin upp hin ýmsu samskiptakerfi sem sviðið hefur fest kaup á undanfarin ár. Þar á meðal er samskiptakerfið Workplace sem er í eigu Facebook og ætlað vinnustöðum. Fulltrúi Flokks fólksins bendir á að kaup þjónustu- og nýsköpunarsviðs á Workplace á sínum tíma voru líklega gerð til þess að efla samskipta- og tilkynningamöguleika á milli starfsfólks. Sú ákvörðun hlýtur að þurfa endurskoðunar við ef áreiðanleiki þeirra tilkynninga sem starfsfólk getur sent frá sér í því kerfi er ekki ásættanlegur. Þegar Workplace var keypt á sínum tíma hlýtur miklu að hafa verið kostað til. Samhliða þeirri innleiðingu voru alls kyns auglýsingavörur keyptar ásamt rafrænum kynningarskjáum sem settir voru upp á nokkrum stöðum í borginni. Einnig fór starfsfólk sviðsins víða til að kynna þetta samskiptakerfi. Það er því umhugsunarefni ef þjónustu- og nýsköpunarsvið ætlar sér að bæta við enn einu tilkynningarkerfinu í hóp þeirra kerfa sem sviðið hefur verið að kaupa í gegnum árin. Það hlýtur að þurfa að skera eitthvað niður á mótí í stað þess að vera með öll þessi kerfi í gangi á sama tíma. Öll þessi uppflettikerfi hljóta að fara að bitna á tíma starfsfólks til vinnu.

19. Lagt fram svar Strætó bs., dags. 25. nóvember 2022, við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um Klapp, rafrænt greiðslukerfi Strætó, sbr. 28. lið fundargerðar borgarráðs frá 30. júní 2022. MSS22060232

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Klapp kerfið hefur án efa marga kosti. Flokkur fólksins telur að kaup og innleiðing á því sé úr takti við ástand Strætó bs. sem hefur riðað á barmi gjaldþrots í langan tíma. Þess utan voru byrjunarörðugleikar einkum vegna þess að ekki var næg fyrirhyggja til staðar og ekki hugsað um þá sem þurfa sérstaka aðstoð og sérhæfð úrræði eins og sumt fatlað fólk. Nú hefur þess utan komið á daginn að skannar eru ekki að virka. Blessunarlega verða útskiptin á kostnað birgjans. Sjálfsagt er að færa hluti til nútímans en það er tími og staður fyrir allt og undirbúa þarf hlutina vel ef fara á í róttækar breytingar. Kostnaður við þetta allt er á fjórða hundrað milljónir.

Það munar um það í þeim fjárhagslegu erfiðleikum sem Strætó bs. er í um þessar mundir.

20. Lagt fram svar þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 25. nóvember 2022, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um innkaup Reykjavíkur, sbr. 29. lið fundargerðar borgarráðs frá 27. október 2022. MSS22100259

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins telur að skoða þurfi gaumgæfilega högun innkaupa- og útboðsmála hjá Reykjavíkurborg. Innkaupaskrifstofa virðist vera eingöngu notuð til ráðgjafar í stað þess að hafa yfirumsjón með innkaupum skrifstofa og sviða borgarinnar. Margir starfsmenn skrifstofa og sviða sjá t.d. um innkaupa- og útboðsmál oft án aðkomu innkaupaskrifstofu. Þegar innkaupamál eru nánast dreifð um alla borg hlýtur að vanta ákveðna yfirsýn og heildrænt mat innkaupa- og útboðsmála innan borgarinnar. Afleiðingar þessarar lausungar í skipulagi innkaupa- og útboðsmála eru að koma í ljós þegar litið er til þess að kærum vegna útboðsmála fer sífellt fjölgandi. Þegar kærum hefur fjölgað úr fjórum í tæpar 30 á stuttum tíma, er það skýrt merki þess að núverandi skipulag sé löngu úrelt. Samt segir að hlutverk innkaupaskrifstofu sé að annast allar tegundir útboðsmála. Þessi mál þyrftu að vera meira á einni hendi en ekki út um allt. Það gefur auga leið að svona dreift utanumhald innkaupa og útboðsmála án heildrænnar yfirsýnar þarfnast algjörRAR endurskoðunar við.

21. Lögð fram fundargerð endurskoðunarnefndar frá 16. nóvember 2022. MSS22010020
22. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis frá 22. nóvember 2022. MSS22010030
23. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Miðborgar og Hlíða frá 24. nóvember 2022. MSS22010033

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 2. lið fundargerðarinnar:

Það skilti við Lönguhlíð sem hér er til umræðu hefur valdið miklu fjaðrafoki. Tvennar sögu fara af því hvort þeim húseigendum Lönguhlíðar sem málið varðar hafi verið gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri við tillöguna. Fram kemur að umrædd grenndarkynning sé talin uppfylla öll skilyrði sem þarf að senda inn varðandi byggingarleyfisumsókn og fylgdu þau með til útsendingar á grenndarkynningu. Tekið er undir það sem fram kemur í umsögn að skilti eru hluti af útliti borga og séu þau vel útfærð geta þau aukið á borgarbrag og læsileika borgarinnar. Flokkur fólksins hefur talað um reynslutíma en vandinn við það er að ef skilti er einu sinni komið upp þá er hætt á að það verði þar að eilífu þótt mikil óánægja sé með það. Í markmiðum samþykktar um skilti í Reykjavík segir beinlínis að „skilti séu íbúum borgarinnar ekki til ama eða óþæginda og að þau skerði ekki hönnun mannvirkja, hafi neikvæð áhrif á umhverfi eða skerði ásýnd borgarinnar.“ Einnig segir að halda eigi fjölda skilta í lágmarki og að leggja eigi áherslu á að fjöldi skilta valdi ekki óreglu og ringulreið í sjónlínu gatna. Um þetta mál hefði þurft að liggja fyrir sátt.

24. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Vesturbæjar frá 21. nóvember 2022. MSS22010034
25. Lagðar fram fundargerðir samstarfshóps um málefni miðborgar frá 17. maí og 23. nóvember 2022. MSS22110235

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 7. lið fundargerðarinnar frá 17. maí 2022:

Kynning á fyrirhuguðum framkvæmdum í miðborginni. Það bíða borgarhönnun stór verkefni á komandi árum. Forhönnun er hafin á Kirkjustræti, Vallarstræti, Veltusundi og Tjarnargötu. Á dagskrá í sumar er forhönnun Lækjartorgs. Fulltrúi Flokks fólksins telur að þeir sem sjá um forgangsröðun verkefna þurfi að taka tillit til slakrar fjárhagsstöðu borgarinnar. Vel kann að vera að erfitt sé að hætta við verkefni í miðju kafi en forhönnun Lækjartorgs er t.d. ekki hafin. Nú er staðan þannig að borgin getur ekki sinnt lögbundinni þjónustu sómasamlega. Ef horft er til biðlista barna eftir fagfólki skóla bíða nú 2048 börn. Eitthvað verður undan að láta. Það er ekki alltaf hægt að taka meiri lán og stefna borginni í gjaldþrot. A-hlutinn er að koma lakar út en gert var ráð fyrir á öllum mælikvörðum. Mikill hallarekstur er á nokkrum sviðum borgarinnar sem er skiljanlegt enda verkefnin stór og krefjandi. Niðurstaða rekstrarreiknings A-hluta á árunum 2020-2023 verður samkvæmt fjárhagsáætlun árið 2023 neikvæð um 31,2 milljarða. Þetta er hallarekstur á daglegum rekstri Reykjavíkurborgar. Veltufjárhlutfall er í fyrsta sinn á þriggja ára tímabili lægra en 1. Skammtímaskuldir verða hærri en lausafé á næsta ári sem þýðir að erfiðara er að greiða af reikningum og standa í skilum.

26. Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 23. nóvember 2022. MSS22010018
27. Lögð fram fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 18. nóvember 2022. MSS22010019

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Framkvæmdastjóri Strætó kynnti á fundi félagsins stöðu útvistunarmála. Á þeim bænum heillast fólk af því að ráðast í nýtt útboð árið 2023 og þjóða út þjónustu Strætó til gróðavaldsins. Útvistarstefna er grim. Þar er engu skeytt um launa- og starfskjör vagnstjóra. Sem dæmi eru vagnstjórar með 5 ára reynslu á um 70.000 kr. lægri launum hjá útvistuðum Strætó heldur en þeir sem eru ráðnir beint af félaginu. Það er áður en vaktaálag er tekið inn í jöfnuna. Með því að útvista frekar er verið að hugsa til verulega skamms tíma. Útvistun borgar sig mögulega til styttri tíma litið, en með minni starfsánægju vagnstjóra mun þjónustan versna sem leiðir af sér minni ánægju farþega. Eftirlitskostnaður og endalausar uppfærslur á smáa letrinu í samningum munu þar að auki þenja báknið út með tilheyrandi kostnaði. Að koma millilið fyrir í þjónustu sem borgin og önnur sveitarfélög bera ábyrgð á er bæði flóknara og þunglamalegra en að veita hana beint. Spírallinn heldur áfram niður á við í þjónustu byggðasamlagsins. Sósíalistar velta því fyrir sér hvort tími byggðasamlagsins sé liðinn.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 2. og 9. lið:

2. liður. Rekstrarniðurstaða var neikvæð um 1.069 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði neikvæð um 93 m.kr. Þrátt fyrir að stefndi í óefni hjá Strætó bs. fjárhagslega var ráðist í kaup á rándýru greiðslukerfi sem vel hefði mátt bíða. Undir 9. lið fundargerðarinnar er rætt um útboð. Framkvæmdastjóri kynnti stöðu útvistunarmála en unnið er að gerð áhættumats fyrir næsta útboð á akstri sem fyrirhugað er á árinu 2023 og akstur hefjist 2024. Flokkur fólksins telur útboð á rekstri ekki góða hugmynd. Vel mætti hins vegar skoða að bjóða út viðhaldspætti. Sjá má ef litið er til sögunnar að útvistanir reksturs af þessum toga til einkaaðila hafa gengið misvel auk þess sem útvistanir geta leitt til verra starfsumhverfis og verri þjónustu. Einnig má gera að því skóna að verði reksturinn boðinn út takmarkist möguleikar á að hafa t.d. frítt í strætó. Vísað er til slæmrar reynslu af útvistun almenningsgangna í Bretlandi og Svíþjóð. Fulltrúi Flokks fólksins hvetur hin sveitarfélögin sem eiga Strætó bs. að veita áfram fé til rekstursins. Ekki er sennilega að vænta krónu frá ríkinu. Einnig þarf að hefja rekstur næturstrætós hið fyrsta sökum fráflæðisvanda úr miðbænum, einna helst um helgar.

28. Lögð fram fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs frá 30. nóvember 2022. B-hluti fundargerðarinnar er staðfestur. MSS22060175

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 11. lið fundargerðarinnar:

Umsögn Reykjavíkurborgar um áform um frumvarp til laga um leigubifreiðaaakstur. Fulltrúi Flokks fólksins veltir fyrir sér hversu vel skoðanir leigubílstjóra sjálfra og þeirra sem sinna afleysingu hafi skilað sér í umsögnum almennt séð um þetta frumvarp. Það er hagur borgarbúa að aðgangur að leigubílum sé greiður. Tæma þarf miðbæinn á stuttum tíma eftir lokun skemmtistaða. Þess vegna eiga borgaryfirvöld að styðja rýmkun á rétti til að reka leigubíla og fjölga leyfum. Nú er skylda að vera skráður á leigubílastöð. Þess ætti ekki að þurfa. Fjölga mætti leyfunum. Auðvitað þarf að gera kröfur til starfseminnar þar sem þetta er þjónusta við fólk. Þeir sem sækja um leyfi þurfa að t.d. hafa hreint sakavottorð. Það mætti búa til frjálstan rekstur svo framarlega sem viðkomandi er með leyfin á hreinu. Finna þarf leið til að þetta sé mögulegt. Vandamálið er að sumir leigubílstjórar vilja ekki afleysingu á bíla sína. Þess vegna eru í raun færri leigubílar á ferðinni en fjöldi leyfa segir til um.

29. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir embættisafgreiðslur erinda sem borist hafa borgarráði, alls 9 mál. MSS22110226

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 9. lið yfirlitsins:

Bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 18. nóvember 2022: Tillögur starfshóps um aðkomu Reykjavíkurborgar að sjálfstætt starfandi leikskólum. Flokkur fólksins tekur undir margar tillögur starfshópsins sem hefur mótað stefnu og tillögur um aðkomu Reykjavíkurborgar að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum en finnst leiðinlegt hvernig staðið var að gerð skýrslunnar. Samtökum sjálfstæðra skóla var ekki boðin nein aðkoma að gerð hennar þrátt fyrir að beinlínis hafi verið gert ráð fyrir aðkomu fulltrúa samtakanna að gerð skýrslunnar og samtökin leitað eftir því. Í erindi frá Samtökum sjálfstæðra skóla er þetta harmað og tekur borgarfulltrúi Flokks fólksins undir það. Flokki fólksins finnst það mikilvægt að skapa aukið jafnræði fyrir foreldra

og nemendur um val á skólum í borginni og að skapa möguleika fyrir einkaaðila að hafa rekstur leik- eða grunnskóla í húsnæði borgarinnar á sömu kjörum og borgarreknir skólar. Tekið er undir að samræma gjaldskrár sjálfstætt starfandi leikskóla og borgarrekinna leikskóla til að skapa aukið jafnræði foreldra við val á leikskólum. Flokkur fólksins fagnar tillögunni um að setja eigi skorður við útgreiðslu arðs og að rekstrarafgangur verði nýttur til að efla skólustarf og tryggja að hann verði nýttur í þróun skóla um leið og skólagjöld verði lögð af.

30. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir umsagnir um rekstrarleyfisumsóknir veitinga- og gististaða sem veittar hafa verið skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019. MSS22110227

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Jákvæð umsögn er veitt um Jólakvosina, jólamarkað við Ingólfstorg, Austurstræti og Veltusund, 2.-8. desember, tímabundið áfengisleyfi á grundvelli 17. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Fulltrúi Flokks fólksins nefnir þetta því nýlega fengu allir borgarfulltrúar skeyti frá íbúum á þessu svæði þar sem mótmælt er „hávaðasamri útítonlistarkeyrslu Nova og Manhattan Marketing, sem er rekstraraðili skautasvellsins á Ingólfstorgi, um síðustu helgi, með drynjandi bassa, sem fór langt yfir viðmiðunarmörk (55 dB). Hávaðinn lagðist yfir miðborgina með fullum þunga, sem náði alla leið upp á Skólavörðustíg. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir í gegnum starfsmann Reykjavíkurborgar, tókst ekki að fá styrkinn lækkaðan í gegnum þann tengilið segir í skeytinu. Umsókn sem þessi virkar saklaus og sjálfsögð en hér má sjá í skeyti íbúa að málið er dauðans alvara og illþolanlegt. Birt er einnig svar Heilbrigðiseftirlitsins: „Inni á skemmtistöðum gilda hávaðamörk á samkomum sem eru 95 dB en hávaði utandyra má ekki fara yfir 55 dB“. Flokkur fólksins telur að hér þurfi Heilbrigðiseftirlitið að beita sér af fullum þunga gagnvart Nova og Manhattan Marketing, vegna brota á lögreglusamþykkt, reglugerð um hávaða, ákvæði stjórnarskrár um truflun á friðhelgi einkalífs og heimila, og beiti sektum ef þörf krefur.

31. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hver sé meðalnámstími barna sem stunda nám í skólaúrræðinu Birtu. Óskað er upplýsinga frá 2019 þegar úrræðið var sett á laggirnar og að upplýsingar séu sundurliðaðar eftir árum. Stoðdeild Birtu, sem var fyrst staðsett við Álftamýrarskóla en hefur flust til Seljaskóla, er skólaúrræði fyrir börn í 3.-10. bekk sem eru í umsóknarferli fyrir alþjóðlega vernd á Íslandi. Samkvæmt starfsreglum stoðdeildarinnar eru börn að hámarki eitt skólaár í stoðdeild Birtu áður en börnin fara í hverfisskólana. Í ljósi fjölgunar á barnafjölskyldum til landsins í leit að alþjóðlegri vernd og meiri hraða á málsmeðferð óskar Flokkur fólksins þessara upplýsinga. MSS22120005

Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Fundi slitið kl. 11:05

Einar Þorsteinsson

Alexandra Briem
Hildur Björnsdóttir
Pawel Bartoszek

Heiða Björg Hilmisdóttir
Marta Guðjónsdóttir
Trausti Breiðfjörð Magnússon